

tíma, sem ekki er opið samkvæmt framangreindu, og skulu þær annast þessa neyðarvakt til skiptis, viku í senn.

## 2. gr.

Lyfjabúðir, sem taldar eru í 1. gr. IV. og VI. skulu í samráði við viðkomandi sjúkrasamlög sjá næturlækni fyrir nauðsynlegum forða lyfja til notkunar í bráðri nauðsyn.

## 3. gr.

Afgreiðslutími lyfjabúðarinnar skal auglýstur í henni og þar sem lyfjabúðir skiptast á um afgreiðslu utan almenns afgreiðslutíma, skulu þær, sem lokaðar eru, auglýsa á útidyrum, hvaða lyfjabúð/búðir eru opnar.

## 4. gr.

Lyfjabúð, sem annast neyðarvakt (kallvakt), skal auglýsa á útidyrum heimilisfang og símanúmer lyfjafræðings þess, sem vakt hefur á hendi. Sömu upplýsingar skal láta í té í daglegu símanúmeri lyfjabúðarinnar.

## 5. gr.

Fyrir afgreiðslu utan hins almenna afgreiðslutíma samkv. 1. gr. I. skal greiða sérstakt gjald, sem kveðið skal á um í lyfjaverðskrá. Slíkt afgreiðslugjald skal auglýst á áberandi stað í lyfjabúðinni.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 38. gr. lyfsönlulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi 20. ágúst 1966.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. ágúst 1966.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

Bifreiðastöður eru bannaðar á Eskihlíð að norðaustanverðu á götunni og á Freyjugötu að norðaustanverðu frá barnaleikvelli að Njarðargötu á tímabilinu frá kl. 9 til kl. 19 daglega.

Auglýsing frá 14. nóvember 1963, varðandi bifreiðastöðubann á Eskihlíð, er felld úr gildi, svo og auglýsing frá 8. marz 1966, hvað snertir bifreiðastöðubann á Freyjugötu.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 16. ágúst 1966.*

**Sigurjón Sigurðsson.**